

Aðalfundur UMF Tindastóls

7. mars 2012

Haldinn í Húsi Frítímans vegna ársins 2011

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Gunnar Þór Gestsson setti fundinn

2. Kosning fundarstjóra

Gunnar Þór Gestsson lagði til að Magnús Helgason yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók til starfa og fór yfir dagskrá fundarins.

3. Kosning fundarritara

Fundarstjóri bar upp tillögu um Ingibjörgu Huld Þórðardóttur sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla formanns

Gunnar Þór Gestsson formaður UMFT las skýrslu aðalstjórnar. Skýrsla aðalstjórnar má finna í heild sinni í ársskýrslu félagsins inn á heimasíðu Tindastóls. www.tindastoll.is

5. Skýrsla gjaldkera

Bertína Rodriguez fór yfir ársreikninga aðalstjórnar fyrir árið 2011.

Fundarstjóri óskaði eftir umræðum og spurningum fundarmanna vegna reikninganna. Formaður og gjaldkeri gáfu skýringar á nokkrum liðum. M.a. voru Lottótekjur úrskýrðar sem og leiðrétting á eigin fé vegna júðódeildar sem ekki er lengur til. Fundarstjóri bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

6. Félagsgjöld UMFT

Formaður lagði til að félagsgjöld yrðu óbreytt og var það samþykkt samhljóða.

7. Minning Stefáns Guðmundssonar

Gunnar Þór Gestsson las minningarorð Stefáns Guðmundssonar, en hann lést 10. september 2011. Stefán er minnst sem ötulum stuðningsmanni íþróttahreyfingarinnar og heiðursfélaga UMF Tindastóls. Fundarmenn risu úr sætum og heiðruðu minningu hans.

8. Íþróttamaður UMF Tindastóls 2011

Tilnefningar til íþróttamanns UMFT voru þrjár. Knattspyrnudeildin tilnefndi meistaraflokk í knattspyrnu, frjálsíþróttadeildin tilnefndi Gauta Ásbjörnsson og körfuknattleiksdeildin tilnefndi Friðrik Hrein Hreinsson.

Niðurstaðan varð sú að **meistaraflokkur knattspyrnudeildar** hlaut titilinn íþróttamaður ársins 2011.

9. Afhending starfsbikars

Formaður UMF Tindastóls afhenti Brynjari Birgissyni starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins. Starfsbikarinn er veittur sem viðurkenning og þakklætisvottur vegna sjálfboðastarfa og er það mat aðalstjórnar að Brynjar sé vel að þessari viðurkenningu kominn.

10. Minningarsjóður um Rúnar Inga Björnssonar

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afreksfólk og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Í ár var fjórum styrkjum úthlutað úr sjóðnum. Gunnar Þór Gestsson formaður UMF Tindastóls afhenti styrkina.

Knattspyrnudeild vegna **Björns Antons Guðmundssonar** fær styrk að upphæð kr. 40.000 vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni UMF Tindastóls. Í fjarveru hans tók móðir hans, Kristjana Jónsdóttir, við styrknum fyrir hans hönd.

Körfuknattleiksdeild vegna **Þórönnu Óskar Sigurjónsdóttur** fær styrk að upphæð kr. 40.000 vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni UMF Tindastóls.

Körfuknattleiksdeild vegna **Péturs Rúnars Birgissonar** fær styrk að upphæð kr. 40.000 vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni UMF Tindastóls. Faðir hans Birgir Rafn Rafnsson tók við styrknum í fjarveru hans.

Skíðadeild vegna **Birnu Sigurðardóttur** sem fær styrk að upphæð kr. 40.000. Móðir hennar tók við styrknum þar sem Birna þurfti skyndilega að fara af fundinum og leika í skólaleikriti.

11. Samstarfssamningur á milli UMF Tindastóls og Sparisjóðs Skagafjarðar

Sparisjóður Skagafjarðar er aðalstyrktaraðili félagsins og hefur verið það síðustu þrjú árin. Framhald verður á þessu ágæta samstarfi og nú hækka þeir árlegan styrk til félagsins í tvær og hálf milljón og bjóða fjögurra ára samning sem færir félaginu samtals tíu milljónir á samningstímanum. Sigurbjörn sparisjóðsstjóri kynnti nýja samninginn fyrir fundarmönnum. Þar kom fram að 75% af styrknum skuli varið til barna- og unglingsstarfs. Sigurbjörn og Gunnar Þór Gestsson skrifuðu undir styrktarsamninginn á fundinum.

12. Kosning formanns

Tillaga að Gunnari Þór Gestsyni núverandi formanni, tillagan var samþykkt samhljóða.

13. Kosning stjórnar

Tillaga að Magnúsi Helgasyni, Jóni Daníel Jónsson, Bertínu Rodriguez og Ingibjörgu Huld Þórðardóttur. Tillagan var samþykkt samhljóða.

14. Kosning varamanna

Tillaga að Kristjönu Jónsdóttur, Guðjóni Jóhannssyni og Marteini Jónssyni. Ekki komu fram aðrar tillögur og tillagan samþykkt samhljóða.

15. Kosning skoðunarmanna

Tillaga að Gunnari Sveinssyni og Hirti Geirmundssyni. Ekki komu fram aðrar tillögur og tillagan samþykkt samhljóða,

16. Önnur mál

Formaður bar upp tillögu um Jón Daníel Jónsson sem **fulltrúa Tindastóls í stjórn UMSS** og var sú tillaga samþykkt samhljóða.

Gunnar Þór Gestsson óskaði eftir umræðu um **titilinn íþróttamaður ársins**. Í ljósi þess að í ár var það meistaraflokkur karla í knattspyrnu sem fékk titilinn íþróttamaður ársins. Gunnar Þór gerði grein fyrir málinu og kynnti þá hugmynd sem fram hefur komið um breytingar á fyrirkomulaginu eða heiti titilsins. Þ.e. að hætta að tilnefna íþróttamann ársins og taka í stað þess upp viðurkenningu fyrir afrek ársins. Afrek ársins gæti tilheyrt liði eða einstaklingi á öllum aldri.

Ýmsar skoðanir komu fram á fundinum. Rætt var um hugsanleg aldursmörk tilnefndra íþróttamanna og höfðu ákveðnir fundarmenn áhyggjur af því það yrði til þess að útiloka ákveðnar deildir frá titlinum. T.d. sund og skíðadeild sem byggja á ungum íþróttamönnum. Aðrir höfðu áhyggjur af því að ungum íþróttamönnum væri veittur þessi titill og þeim hampað á þann hátt. Einnig var umræða um hópíþróttir „versus“ einstaklingsíþróttir í þessu sambandi.

Þrátt fyrir góðar umræður um þetta mál, komst fundurinn ekki að niðurstöðu og ákveðið að stjórnin tæki þetta mál til athugunar.

Vetrartímkerfið. Sigurjón Leifsson gerði grein fyrir sinni skoðun á þessu kerfi. Hann leggur til að stjórnin kanni þetta mál, skipti jafnvel um kerfi og finni annað sem virkar betur til skráninga og utan um halds.

Lög félagsins. Sigurjón leggur til breytingar á lögum félagsins varðandi **samninga**. Enn er handsal samninga mikið notað hjá félaginu, en hann leggur til að allir samningar verði skriflegir.

Reglugerð um fjáraflanir. Sigurjón Leifsson leggur til að reglugerð um fjáraflanir verði endurskoðuð í ljósi þess að upp hafa komið mál þar sem iðkandi hefur tekið þátt í fjáröflun, en hættir svo við þátttöku og þá er óljóst hvernig tekið skuli á málinu.

Aðalstjórn tekur þetta til skoðunar.

18. Fundi slitið

Gunnar Þór Gestsson formaður félagsins sleit því næst fundinum og þakkaði mönnum fundarsetuna.